

Ársfundur 2009

Skýrsla deildarforseta tónlistardeildar á ársfundi Listaháskólans 25. nóv. 2009

STARFSÁRIÐ 2008 – 2009

1. FYRIRKOMULAG NÁMS OG KENNSLUHÆTTIR

Fyrirkomulag náms og kennsluhættir voru með hefðbundnu sniði, en nú er deildin orðin það þroskuð að hægt er að tala um „hefðbundið“ snið - og þá er kominn tími til að endurskoða hlutina.

Kennt var á 7 brautum, 5 á Bakkalárstigi, 2 á meistarastigi. Bakkalársbrautirnar eru: Hljóðfæraleikur/söngur, tónlistarkennsla, kirkjutónlist - sem var ný og er rekin í samstarfi við Tónskóla Þjóðkikjunnar, tónsmíðar sem skiptast í 5 línur: hefðbundnar tónsmíðar, sviðslistatónsmíðar, kvikmyndatónsmíðar, nýmiðla og upptökutækni, og síðast diplómabraut, sem leiðir ekki til bakkalárgráðu, því um er að ræða námsleið fyrir unga hæfileikaríka nemendur sem eru enn í framhaldsskóla.

Meistaránám hófst við deildina, meistaránám í tónsmíðum. Er það einstaklingsmiðað nám, nemendur teknir inn m.a. á grundvelli námstillögu eða “personal pathway” sem þeir hyggjast fylgja, og vinna jafnframt rannsóknarverkefni. 3 nemendur voru teknir inn í meistarnámið. Einnig tókum við þátt í að prufukeyra námskeið sem tilheyrir samevrópska meistaránáminu sem deildin hefur verið aðili að frá upphafi - Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf. 2 nemendur tóku þátt í pilotinum, og hafa þeir fengið leyfi til að ljúka náminu hjá okkur. Vonir standa til að hægt verði að taka formlega inn á þessa braut nú í vor.

76 nemendur stunduðu nám við deildina, karlar í meirihluta, en þeir voru 41 á móti 35. Skiptingin eftir brautum: Tónsmíðar 32, tónlistarkennsla 6, kirkjutónlist 2, diplóma 6, Hljóðfæraleikur/söngur 27 og meistarnám 3.

18 nemendur útskrifuðust.

24 nemendur voru teknir inn, þar af 5 í meistaránám.

Námsfyrirkomulagið í þessari deild er flókið, þar sem eðli tónlistarnámsins er margskipt og verandi eina stofnunin á landinu sem sinnir tónlistarnámi á háskólastigi, verðum við að þjóna öllum mismunandi greinum fagsins. Á haustönn voru námskeið 142, og á vorönn urðu þau 155. Þetta er gríðarlegt umfang og vil ég á þessum tímamarki þakka deildarfulltrúa deildarinnar Sóley Björt Guðmundsdóttur sérstaklega fyrir vandvirkni og elju í starfi, fyrir utan sérdeilis góða lund og útgeislun.

2. KENNARAR OG STARFSFÓLK

Til marks um flókna samsetningu námsins í tónlistardeild, þá komu skólaárið 2008 – 2009, 79 kennarar að námi í deildinni. 15 voru í föstu hlutfalli, mismiklu en langflestir voru stundakennarar með allt frá örfáum stundum upp í reglubundna kennslu yfir allt skólaárið. Fagstjórar voru Peter Maté í píanóleik og Elísabet Erlingsdóttir í söng og 2 kennarar voru í föstum háskólastörfumstörfum, Gunnar Kvaran prófessor í strengjaleik og kammertónlist, og Kjartan Ólafsson prófessor í tónsmíðum og tónfræðum.

Tæknistjóri deildarinnar er: Sveinn Kjartansson

Deildarfulltrúi Sóley Björt Guðmundsdóttir

Albert Eiríksson er andlit og þjónustufulltrúi beggja deilda

Sölvhólsgötunnar.

3. SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR

Fyrirferðamestu viðburðir í starfsemi deildarinnar eru útskriftartónleikarnir/viðburðirnir. Þeir urðu 13 í vor sem leið og endurspegluðu svo sannarlega mikla grósku, fjölbreytni náms og námsframboðs tónlistardeildar. Flestir tónleikarnir fóru fram í Salnum í Kópavogi, en tónleikar voru líka í Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum. Það verður að segjast, að Salurinn er best útbúna tónleikahúsið sem við eigum kost á, og er þakkarverð sú gestrisni sem okkur er sýnd þar og væntumþykja fyrir nemendum okkar og viðfangsefni þeirra.

Öllum tónleikum var útvarpað beint á netinu, og veit ég um ýmsa sem hlustuðu frá fjarlægum löndum og slóðum.

Viðamikill þáttur í starfi deildarinnar eru masterklassarnir. Masterklassar hljóðfæra og söngs eru opnir öllum, og nýta langt komnir nemendur og kennarar annara skóla sér það að koma og hlusta að einhverju marki. Ég tel það mjög mikilvægt að hafa þennan opna prófil á deidinni. Masterklassar urðu samtals 128, 59 á haustönn og 69 á vorönn. Gestir sem komu og héldu masterklass voru 21. Masterklassar tónsmíða með gestum voru 12.

Fjölmarginir fyrirlestrar, og styttri námskeið voru haldin Við njótum góðs af bæði Erasmus og Nordplus styrkjakerfunum í því sambandi. Opinberir tónleikar voru rúmlega 50, en fjölmarginir hádegistónleikar voru þar að auki haldnir. Sú nýjung var gerð fyrir jólatónleika deildarinnar, sem eru líka próf hljóðfæra- og söngnemenda, að útvarpa þeim beint á netinu. Sáú nemendur í tónlistarkennslu um að undirbúa og kynna útsendingarnar að loknu sérstöku námskeiði. Önnur nýjung var að fresta tónleikum tónsmíðanemenda fram yfir áramót, og gefa tónsmíðanemendum tækifæri til að vinna með hljóðfæranemendum og kennurum þeirra verkin til flutnings í janúar. Báðar þessar nýjungar mæltust mjög vel og var ákveðið að þetta væri komið til að vera.

Tónleikar Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir yfirskriftinni „Ungir einleikarar“ voru haldnir í Háskólabíói 15.janúar. Fram komu frá LHÍ Hulda Jónsdóttir fiðluleikari, sem lék Fiðlukonsert í D-dúr op. 77 eftir Johannes Brahms og Bjarni Frimann Bjarnason víóluleikari, sem lék Víólukonsert eftir Béla Bartók.

Vegna kreppunnar, féll Óperustúdíó Íslensku óperunnar niður, en það hefur alltaf verið mikilvægur þáttur í starfsemi söngnemenda. Það er enn sem komið er, ekkert að fréttu af óperustúdíói í vetur sem er miður.

Að venju fóru fyrsta árs nemendur viku námsferð, en vegna stóaukins kostnaðar var fallið frá því að fara til Ísafjarðar og námskeið undir handleiðslu Paul Griffith og Gunnars Benediktssonar haldið í Skálholti. Þess má geta að söknuðurinn við að missa af Ísafirði var mikill, og var það sett í forgang að koma fyrsta árs hópnum þangað nú í haust. Eins og alltaf áður, tóku Ísfirðingar sérlega vel og fallega á móti hópnum. Nemendurnir tóku þátt í námskeiðinu tónlist samfélag og nám, sem Sigurður Halldórsson og Jón Gunnar Biering Margeirsson leiddu, auk þess sem þau fóru í ævintýrlega skútusiglingu og kajaleiðangur. Námskeiðinu lauk með tónleikum í Hömrum.

Tónleikar strengjasveitar LHÍ undir stjórn Gunnars Kvaran voru í Neskirkju þann 15. febrúar.

4. SAMSTARF

Samstarf milli deilda var á hefðbundnum nótum hvað varðar fræðanámskeið og önnur námskeið sem eru opin öllum nemendum og þeir sækja að eigin vali. Eins eru fjölmörg námskeið og samstarfsverkefni í boði fyrir nemendur allra deilda.

Millideildanámskeiðið „Samtal“ mæltist yfirleitt vel fyrir í tónlistardeild, en annars árs tónsmíðanemendur tóku þátt í því.

Mest var samstarfið við leiklistadeild, en þar tóku nemendur tónlistardeildar þátt í þremur uppfærslum nemendaleikhússins með því að semja, gera hljóðmynd og spila, Kirsuberjagarðinum, Gangverkinu og Þrettánadakvöldi. Hljóðfæranemendur tóku þátt í sameiginlegum námskeiðum með dansbrautinni í tónlistar- og dansspuna, tónsmíðanemendur tóku þátt í einstaklingsverkefnum dansara sem er partur af lokaverkefni þeirra, og nokkrir tóku þátt í lokaverkefnum úr fræði og framkvæmd. Ljóst er að návígi þessara deilda skapar tækifæri til náins samstarfs, og verkefnið verða til bæði inni á kennarastofu og meðal nemendanna sjálfra.

Þegar hefur verið nefnt samstarfið við Tónskóla Þjóðkirkjunnar um kirkjutónlistarbrautina. og samevrópska European Joint Music Masters for New Audiences and Innovative Practice. Ísafjarðarbær er formlegur samstarfsdili að þessu verkefni.

Þjóðlaganámskeið var haldið í samstarfi við Þjóðlagasetrið á Siglufirði og fór hópur nemenda norður í mikilli hálfu og miklum vetrarhörkum til að drekka í sig hina fornu menningu á Hólum og grúska í þjóðlögum á Siglufirði. Nemendur útsettu síðan eigið efni og kynntu afrakstur námskeiðisins hér í bænum.

Strengjanemendur tóku ekki þátt í hljómsveitarnámskeiði Swedish National Orchestra Academy – SNOA í Gautaborg veturinn 2008- 2009, Nemendur okkar hafa alltaf staðið sig mjög vel á þessu námskeiði og hafa ráðamenn við Gautaborgarháskóla nýlega haft samband við mig og óskað eftir áframhaldandi samstarfi og boðið fram aðstoð sína við að fjámagna ferðir nemenda. Þess má geta að samkomulag okkar var að við greiddum ferðir, en Gautaborgarháskóli húsnaði og uppihald, sem er sannarlega rausnarlegt. Að lokum vil ég minnst á námskeið sem við höfum verið í samstarfi við nokkra evrópska skóla sem er stýrt af Estonian Academy of Music, sem kallast "Crossing borders" og fara á hverju ári nemendur og kennarar til Tallin vegna þessa.

Tónlistardeildin er aðili að Evrópska tónlistarháskólaráðinu, AEC, og Norræna Tónlistarháskólaráðinu. Fjölmargin skiptisamningar hafa verið gerðir við bestu tónlistarháskóla álfunnar, og njótum við góðs af heimsóknum jafn sem að okkar kennarar eru eftirsóttir til kennslu hjá þeim. Fjórir nemendur fóru utan í skiptináám og þrír komu til okkar og sótti einn nemandi í kjölfarið um að skipta alveg um skóla og fá að ljúka námi sínu frá LHÍ.

5. AÐSTAÐA

Þröngt mega sátir og allt það. Mikið hefur verið gert til að bæta aðstöðu okkar, og var m.a. tekið á leigu Skemmtihúsið við Laufásveg sem aðstaða fyrir meistaranemana. Gátu þeir nýtt sér þá aðstöðu, en söknuðu þess að vera ekki í tengslum við deildina og að sama skapi var slæmt að hafa þá ekki í húsi. Það er ekki ákjósanlegt að rjúfa tengslin milli nemenda bakkalárs- og meistarastriganna, sérstaklega hefur nærvera og vinna meistaranmendanna jákvæð áhrif á vinnu bakkalárnemenda. Skólinn er samfélag, tónlistardeildin hefur náð að verða heilsteypt samfélag og sækja nemendur á báðum stigum námsins eftir að vera hluti af því samfélagi.

6. STEFNUMÓTUN OG FRAMTÍÐARSÝN

Skólinn var stofnaður m.a. til að skapa umhverfi fyrir listir til að koma saman og þróa nýjar víddir ásamt því að þroska hverja grein fyrir sig. Vegna aðstöðunnar undanfarin ár, hefur ekki tekist sem skildi að skapa núning og samgang milli deilda, en mikil hamingja og tilhlökkun einkenndi fyrstu vikur starfsársins vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda við Laugaveg. Var það almennt skoðun starfsmanna að hægt væri að una við slæmar aðstæður þar sem horft væri fram á góða og breytta tíma í þeim efnun. Svo kom kreppan. Nú ríkir óvissa, sem er ekki jákvætt fyrir skólustarfið, en hins vegar er samhugur mikill og verðum við að treysta því að sú virðing og ástríða fyrir starfinu auk hugsjónarinnar sem hefur einkennt starfsfólk deildarinnar nái að fleyta okkur yfir þennan dimma tíma sem við nú lifum að bjartari ströndum.

Við að líta yfir starfsemi tónlistardeildar er tvennt augljóst. Í fyrsta lagi hin mikla gróska sem einkennir starf deildarinnar og fjölbreytni í námsframboði ásamt því hversu nemendur okkar hafa mismunandi bakgrunn og áhugasvið. Hins vegar er líka orðið áberandi að starfsemi deildarinnar markast af ákveðinni festu eða stöðugleika, sem er jákvætt en jafnframt varhugavert. Það er mikilvægt að stöðugleikinn og regluverkið stuðli ekki að stöðnun.

Meistaránám hefur verið nokkurs konar „leitmotif“ þessara ársskýrsla undanfarin ár og nú er það hafið í tónlistardeild, en til að það geti uppfyllt sýn skólans er mikilvægt að meistarnám allra deilda hefjist næsta haust. Þetta er lífsnauðsynleg þróun fyrir LHÍ. Meistaránámið í tónlistardeild er tónsmíðanáám, sem er mjög í takt við þá þróun að mest er sótt í tónsmíðanámið af öllum brautum í tónlist á bakkalárstigi og meistaranámið í Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi á sér sterkan samhljómi í samfélaginu í dag ekki síst eftir hrun s.l. árs og endurmat fólks á lífsgæðum og starfsmöguleikum sínum. Í ljósi breyttrar samfélagsmyndar höfum við líka þurft að

skoða vel og hugsanlega endurmeta hverjar áherslur okkar eru á námsframboði. Ég tel nú, að okkur beri skylda til að skoða vel hvaða nám annað hvort veitir starfsréttindi eða gefur nemendum þau praktísku tól sem auðvelda þeim að finna sér pláss á atvinnumarkaði. Þar er ég sérstaklega að hugsa til hljóðfæra- og söngkennaranáms á meistarastigi, en það er löngu orðið tímabært að koma því námi í almennilegan farveg. Ég fagna því að kennsla í listkennslu á meistarastigi er hafið og sem stendur er vinnuhópur að vinna að tillögum um nám í hljóðfæra- og söngkennslu. Er það einlæg ósk mín að við getum hafið kennslu á þeirri braut næsta haust sé þess nokkur kostur. Við höfum haft þann lúxus, að geta sagt að það að auðga andann og efla ímyndunaraflíð sé eitt besta veganestið út í lífið. Þetta er vissulega rétt, en þar að auki er ákveðinnar þjálfunar og þekkingar krafist á atvinnumarkaði, og ber okkur skylda til að veita kennslu á þeim sviðum. Tónlistarskólar í landinu eru yfir 80 talsins, stöður fyrir tónlistarskólakennara nálægt 900, en þar gætir manneklu og í mörgum tilfellum sjá erlendir farandkennarar um námið. Sú krafa er gerð til hljóðfærakennara, samkvæmt aðalnámskrá, að þeir stuðli að skapandi vinnu hjá nemendum sínum, kenni m.a. spuna og jafnvel tónsmíðaaðferðir. Þetta er í takt við hugmyndafræði LHÍ, og má jafnvel líta svo á að við vinnum gegn þessari þróun í tónlistaruppeldi með því að sjá ekki til þess að útskrifaðir nemendur héðan hafi þá færni að geta kennt og uppfyllt þessi skilyrði. Það hvílir þungt á okkur að reyna að mæta þessari þörf.

Að lokum við ég benda á að það hefur færst í aukana að nemendur spyrjist fyrir um jazz og rytmískt nám. Tónlistardeildin er samstarfsaðili ýmsra erlendra skóla sem bjóða upp á þessa námsleið, m.a. Rytmasku tónlistarakademiuna í Kaupmannahöfn. Það er eiginlega hálf hjákátlegt að við skulum vera með þessa aðskilnaðarstefnu í tónlistarhefðum, þar sem landamæri milli hinna ýmsu strauma og stefna í tónlist eru sífellt að verða minna áberandi, og í sumum tilfellum algjörlega afmáð. Vissulega er um sérþekkingu að ræða og annar skóli sérhæft sig á því sviði, en ég tel það nokkuð brýnt verkefni að byrja að huga af alvöru að stofnun námsbrautar í jazz og rytmískri tónlist, annaðhvort í samstarfi eða ein.